



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

# NIÐURSTÖÐUR ÞJÓNUSTUKÖNNUNAR UPPBYGGINGARSJÓÐS SUÐURLANDS

Vegna úthlutunar haustið 2023




**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

Nóvember 2023  
Samtök sunnleuskra sveitarfélaga  
Ingvi Már Guðnason

# Inngangur

- Þjónustukönnun Uppbyggingarsjóðs er send á alla umsækjendur og/eða verkefnisstjóra sem sækja um í sjóðinn hverju sinni. Að þessu sinni var könnunin send á 103 einstaklinga sem tengdust verkefnum sem sóttu um styrk í haustúthlutun 2023. Síðasta könnun var framkvæmd vorið 2022.
- Alls bárust sjóðnum 96 umsóknir þar af 22 í atvinnuþróunar og nýsköpunarhluta og 74 í menningarhluta.
- Könnunin var send út eftir að umsóknarfrestur rann út og lauk áður en niðurstöður um styrk voru birtar.
- Svörun var 52 af 103 eða samtals 50,5%
- Eftirfarandi skipting var milli flokka:
  - Menningarverkefni: 83% umsækjenda
  - Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni: 17% umsækjenda

Hvaða flokki tilheyrði styrkumsókn þín?




# Upphæðir, fjöldi styrkveitinga og úthlutanir

Skoðun svarenda á viðeigandi fjölda úthlutana á ári er skýr, en 96% umsækjenda kjósa tvær úthlutanir á ári og eru þessar niðurstöður sambærilegar fyrri árum.


Þegar spurt er um skoðun umsækjenda á upphæð og fjölda styrkveitinga telja:

- 75% að upphæðir og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna
- 12% telja að styrkir eigi að vera margir og upphæðir lágar
- 2% telja að styrkir eigi að vera fáir og upphæðir háar
- 12% hafa ekki skoðun

Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á upphæðum og fjölda styrkveitinga Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




# Upplýsingar um úthlutun

Þegar spurt var hvar umsækjendur fengu upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands kom í ljós að:

- 38% hafi fengið upplýsingar af heimasíðu SASS, en það er fækkun frá vori 2022 þar sem 52% fengu upplýsingar frá heimasíðunni
- 29% fengu ábendingu frá vini
- 12% fengu ábendingu frá ráðgjafa
- 23% höfðu séð auglýsingu í héraðsfréttablöðum
- 31% höfðu séð auglýsingu á Facebook, sem er töluvert hærra en vorið 2022 þegar það voru 14%

Hvar fékkst þú upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




# Umsóknarformið

Þegar spurt var um umsóknarformið er ljóst að:

- 82% voru ánægð með umsóknarformið
- 17% voru hvorki ánægð né óánægð. Það er 10% lækkun frá síðustu könnun.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með umsóknarformið?




# Umsóknarformið og vefur SASS

Nokkur ánægja er um leiðbeiningar uppbyggingu við að fylla út umsókn hjá sjóðnum.

- 81% eru frekar eða mjög ánægðir með leiðbeiningar við að fylla út umsókn
- 20% eru hvorki ánægðir né óánægðir


Hvernig finnst þér umsóknarformið hjá sjóðnum?  
s.s. uppbygging og leiðbeiningar



Þegar spurt er um framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðunni telja:

- Lang flestir eða 75% svarenda að hún sé frekar eða mjög góð
- 25% að hún sé hvorki góð né slæm

Hvernig finnst þér framsetning upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS?  
s.s. uppsetning og leiðbeiningar.




# Ráðgjafabjónustan

Þegar spurt var um ánægju þjónustu ráðgjafa á vegum SASS kom í ljós að:

- 64% voru frekar eða mjög ánægð, þar af 33% mjög ánægð
- 12% voru hvorki ánægð né óánægð
- 23% voru ekki í samskiptum við ráðgjafa

Mjög ánægðum umsækjendum hefur fækkað úr 55% í 33% milli kannanna.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS?




# Ráðgjafarþjónustan


Umsækjendur voru spurðir að því hvaða væntingar þau hefðu til ráðgjafarþjónustu SASS ef þau hlýtu styrk eða hlýtu ekki styrk.

- 27% þeirra sem hljóta styrk vænta þess að vera í reglubundnum samskiptum við ráðgjafa á meðan á verkefninu stendur
- 28% hafa engar væntingar til ráðgjafarþjónustu SASS hljóti verkefnið ekki styrk
- 60% svarenda hefur væntingar um ráðgjöf til frekari fjármögnunaleiða hljóti verkefnið styrk
- 52% vænta þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk

Ef verkefni þitt hlýtur EKKI styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?





# Um áherslur og markmið sjóðsins



„Mætti endurskoða“

„Mjög góðar áherslur og markmið!“

„Fínar áherslur, góð markmið“

„Menning og framþróun eru stór hugtök sjóðurinn er að gera sitt besta“

„Mjög jákvætt svo unt sé að halda úti fjölbreyttu menningarstarfi“

„Almennt fínar“

„Nokkuð einsleitt milli ára“

„Það er mjög jákvætt að hafa aðgang að sjóði sem þessum, er að öllu jöfnu sammála honum varðandi áherslur og markmið“

„Mér finnst mikið öryggi í því að geta leitað í sjóði ef illa fer með mætingu á viðburði“

„Mér finnst sjóðurinn og það sem hann stendur fyrir algjörkega frábær og áherslurnar mjög góðar“

„Áherslur sjóðsins í úthlutunum til menningarverkefna virðast ómarkvissar og frekar fylgja „landshlutapólitík“ heldur en menningarlegu mikilvægi verkefna. Dæmi eru um úthlutun til kvikmyndahandritsgerðar, en til slíkra verkefna er Kvikmyndasjóður Íslands sem styrkir bæði leikið efni og heimildamyndir. Það er lágmarks krafa að Uppbyggingarsjóður styrki ekki kvikmyndaverkefni nema að handrit hafi áður fengið styrk úr Kvikmyndasjóði. Hæstu menningarstyrkir eru snöggtum lægri en hæstu nýsköpunarstyrkir og þar á milli er ójafnvægi. Það virkar eins og menningarhlutinn sé „afgangs“ hjá sjóðnum, eins og skorti heildarmarkmið, yfirsýn og skýra skilgreiningu á hugtakinu „menning“ hvort sem um er að ræða verkefni í menningarferðaþjónustu eða menningarviðburði og menningarstarf í hverju héraði.“

# Um úthlutunarreglur sjóðsins



„Æskilegt að stofnanir sveitarfélaganna sem greiða til SASS eigi betri möguleika“

„Góðar“

„Eðlilegar“

„Ok!“

„Nokkuð skýrar en bera nokkuð merki ástands Covid, þ.e. að vera atvinnuskapandi fremur en vara innviðastyrking fyrirtækja“

„Þær eru ruglingslegar á köflum. Finnst ekki rétt að umsækjendur verði að hafa kt./lögheimili í landshlutanum“

„Viðeigandi og auðskildar“

# Niðurstöður



Umsækjendur eru almennt ánægðir með sjóðinn og uppsetningu hans. Niðurstöðurnar eru líkar niðurstöðum síðustu ára, en eftirfarandi atriði hafa breyst hvað mest á milli ára:

- Umsækjendum sem fengu upplýsingar um sjóðinn á heimasíðu SASS hefur fækkað frá vori 2022 þar sem að 52% fengu upplýsingar á heimasíðu SASS enn nú voru það 38% umsækjenda. En þeim sem fengu upplýsingar á Facebook hefur fjölgað úr 14% í 31%.
- Fleiri eru ánægðir með umsóknarformið enn færri eru ánægðir framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS.
- Umsækjendur sem voru mjög ánægðir með ráðgjafabjónustu SASS hefur fækkað frá síðustu könnun úr 55% í 33%
- Fleiri hafa væntingar til þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk, en þeim hefur fjölgað úr 49% í 52%.
- Þeim hefur fjölgað sem telja að upphæðir og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna úr 71% í 75%.